

Samþykktir IcelandSIF

1.gr. Nafn, heimili og varnarþing

Félagið heitir IcelandSIF – Íslenskur umræðuvettvangur fyrir ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar. Félagið er almennt félag.

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Tilgangur

Félagið er sjálfstæður vettvangur fyrir umræður og fræðslu um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar. Tilgangurinn er að

- efla þekkingu fjárfesta á aðferðafræði sjálfbærra og ábyrgra fjárfestinga, og
- auka umræður um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar.

Félagið hefur ekki tiltekna afstöðu til ábyrgra og sjálfbærra fjárfestinga og skal ekki taka opinbera afstöðu til einstakra málefna. Þetta kemur þó ekki í veg fyrir almenna upplýsingagjöf á vegum félagsins um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar.

3. gr. Félagsaðilar

Félagsaðilar eru tvenns konar, aðildarfélög og aukaaðilar.

Aðildarfélög geta verið starfsleyfisskyld fjármálafyrirtæki, lífeyrissjóðir og tryggingafélög sem fjárfesta fyrir eigin reikning eða í umboði þriðja aðila með starfsemi á Íslandi og styðja tilgang félagsins.

Aukaaðilar geta verið aðrir lögaðilar, samtök og opinberir aðilar með starfsemi á Íslandi sem styðja tilgang félagsins.

Stjórn félagsins ákveður hvort viðkomandi uppfylli skilyrði til að gerast aðili að féluginu.

Stjórn er heimilt að vísa félagsaðilum úr féluginu t.a.m hafi þeir ekki greitt félagsgjöld, unnið gegn markmiðum félagsins eða augljóslega skaðað hagsmuni félagsins. Áður en félagsaðila er vísað úr féluginu skal hann upplýstur skriflega um ástæður þess og fá að minnsta kosti fjórtán daga til andmæla. Eftir að ákvörðun ~~hefur verið tekin~~ skal stjórn upplýsa lögaðilann um það innan fjórtán daga.

Félagsaðilar greiða árgjald til félagsins. Félagsgjaldið getur verið mismunandi eftir flokkum félagsaðila. Aðalfundur ákveður árgjald í kjölfar tillögu stjórnar þar um.

Sækja ber um aðild að féluginu. Í umsókninni skal koma fram yfirlýsing um að umsækjandi styðji tilgang félagsins. Viðkomandi skuldbindur sig til að greiða árgjald eins og það er ákvarðað hverju sinni.

Úrsögn úr féluginu skal tilkynnt stjórn félagsins. Þegar greidd árgjöld endurgreiðast ekki við úrsögn úr féluginu. Aðildarfélag eða aukaaðili sem ekki hefur greitt árgjald innan þriggja mánaða frá gjalddaga telst hafa sagt upp félagsaðild.

KJK JG Val
OK

**4. gr.
Reikningsár**

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

**5. gr.
Aðalfundur**

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfund félagsins skal halda fyrir 1. júní ár hvert. Boða skal aðalfund með minnst fjögurra vikna fyrirvara með tölvupósti til félagsmanna. Aðalfundur er ályktunarbaer sé rétt til hans boðað. Einungis fulltrúar félagsaðila geta sótt aðalfund. Hvert aðildarfélag fer með eitt atkvæði á fundinum. Aukaaðilar hafa ekki atkvæðisrétt en hafa rétt til þess að taka til máls og geta borið fram tillögur. Rétt til setu á aðalfundi hafa fulltrúar félagsaðila og aukaaðila sem greitt hafa félagsgjöld næstliðins starfsárs. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum ákvarðana á aðalfundi. Þetta gildir þó ekki um ákvörðun um breytingu á samþykktum þessum og ekki um ákvörðun um slit félagsins.

Á dagskrá aðalfundar eru eftirfarandi atriði:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar lögð fram.
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar.
4. Fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
5. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.
6. Kosning stjórnar.
7. Kosning endurskoðanda/skoðunarmanns.
8. Ákvörðun félagsgjalds.
9. Tillögur að breytingum á samþykktum, ef þær liggja fyrir.
10. Önnur mál.

Tillögur sem leggja skal fyrir aðalfund frá félagsaðilum skulu sendar stjórn félagsins í síðasta lagi þremur vikum áður en aðalfundurinn skal haldinn. Fullbúin dagskrá skal vera aðgengileg félögum að minnsta kosti tveimur vikum fyrir aðalfund.

Aukafundi félagsaðila má halda þegar stjórn telur það nauðsynlegt eða ef a.m.k. 20% aðildarfélaga krefjast þess. Halda skal aukafund að kröfu félagsaðila innan sex vikna eftir að fullnægjandi beiðni þess efnis hefur borist stjórnarformanni. Boða skal aukafund með fjögurra vikna fyrirvara. Í fundarboði skal koma fram dagskrá aukafundar og framlagðar tillögur.

**6. gr.
Félagsstjórn**

Stjórn félagsins fer með málefni þess á milli aðalfunda í samræmi við ákvæði samþykktu þessara og ákvarðana aðal- og aukafunda. Undirritun meirihluta stjórnarmanna skuldbindur félagið. Stjórn félagsins stýrir og ráðstafar sjóðum þess. Þó skulu ákvarðanir sem hafa verulega fjárhagslega þýðingu fyrir félagið lagðar fyrir aðalfund til afgreiðslu.

Aðalfundur ákveður þóknun til stjórnarmanna.

Stjórn skal skipuð fimm til sjö stjórnarmönnum sem kjörmir eru á aðalfundi til eins árs í senn. Tilkynna skal framboð til stjórnar eigi síðar en fimm dögum fyrir aðalfund. Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundi eftir aðalfund.

✓
JG
KJK
HJS
2

Stjórn mótar stefnu félagsins í samræmi við tilgang þess og skal tryggja að starfsemi þess sé jafnan í lögmætu horfi. Stjórn er einnig heimilt að útvista starfseminni í heild eða hluta til þess bærra aðila. Stjórn félagsins er heimilt að skipa nefndir og fagráð um einstaka hluta starfseminnar.

Stjórnin er ákvörðunarbær þegar minnst helmingur stjórnarmanna er mættur á fund og fundur hefur verið boðaður í samræmi við starfsreglur stjórnar. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundi. Ef atkvæði falla jöfn ræður atkvæði stjórnarfmanns úrslitum.

Það sem gerist á stjórnarfundum skalritað í gerðarbók félagsins. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

**7. gr.
Framkvæmdastjóri**

Stjórn félagsins getur ráðið framkvæmdastjóra til félagsins og ákveður þá starfskjör hans. Félagsstjórn, eða framkvæmdastjóri verði hann ráðinn, hefur með höndum daglegan rekstur félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða hann.

**8. gr.
Breyting á samþykktum**

Breyting á samþykktum krefst samþykkis að minnsta kosti 2/3 hluta atkvæða á aðalfundi eða aukafundi. Breytingin tekur gildi frá og með þeim fundi sem hún er samþykkt á.

**9. gr.
Slit félagsins**

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi eða aukafundi. Slíkur fundur er aðeins bær til að taka ákvörðun um slit félagsins ef mætt er á fundinn fyrir hönd 2/3 af aðildarfélögum miðað við fjölda atkvæða. Ákvörðun um slit er gild ef tillaga þess efnis er samþykkt af 2/3 hluta atkvæða á slíkum fundi.

Við slit félagsins skulu eignir þess umfram skuldir renna til félagasamtaka eða verkefna sem hafa sömu markmið og tilgang og félagið gerir sbr. 2. gr. samþykktta þessara. Sá fundur sem tekur ákvörðun um slit félagsins skal einnig ráðstafa eignum félagsins í samræmi við framangreint.

Ákvæði til bráðabirgða

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. um kosningu stjórnar skal stofnfundur félagsins kjósa fyrstu stjórn þess sem skal starfa fram að fyrsta aðalfundi félagsins. Ákvæði þetta skal fellt úr samþykktum eftir fyrsta aðalfund félagsins.

Samþykktir þessar voru upprunalega samþykktar á stofnfundi félagsins haldinn í Reykjavík þann 13. nóvember 2017.

Undirritað og staðfest af stjórn félagsins á næstu síðu

KJK JG ✓
mr 3

Samþykktir IcelandSIF staðfestar af stjórn félagsins þann 13. nóvember 2017

Hrefna Ósp Sigfinnsdóttir

Hrefna Ósp Sigfinnsdóttir
Stjórnarformaður

Jóhann Guðmundsson

Jóhann Guðmundsson
Meðstjórnandi

Arnór Gunnarsson
Meðstjórnandi

Davíð Rúdólfsson

Davíð Rúdólfsson
Meðstjórnandi

Kristján Geir Pétursson

Kristján Geir Pétursson
Meðstjórnandi

Kristín Jóna Kristjánsdóttir

Kristín Jóna Kristjánsdóttir
Meðstjórnandi